Eiginhandar ræða Eyjólfs Eyfells
Hólli.

Ágæti Eyjólfur Eyfells,
Virðulega stjórn Listasafns Árnessýslu,
Góðir gestir.

Það er með ólíkindum að ég tali um list, því þar hef ég af litlu að miðla. Orðið list, hefur rúma merkingu og er víða við haft, bæði í beinu formi og afleiddu, svo sem list, listhneigð og svo framvegis. Það er sjálfsagt misjafnt hvað menn skilja við orðið list, eða hvern hugblæ hin ýmsu listaverk og listform vekja með mönnum. Alkunna er að ýmsir þeir sem um listir tala og rita, eru ekki á einu máli um hin einstöku verk. Sumum er það gull, sem öðrum er heimska. Allir þekkja, "Listaskáldið góða", og svo er um ýmsa aðra, að jafnvel nafn þeirra vekur yl hið innra með mönnum þegar þeir heyra það nefnt, eða það ber þeim fyrir augu.

Fyrir mér, er nafnið Eyjólfur Eyfells og orðið list, eitt og hið sama. Eyjólfur Eyfells hefur þjálfað hönd sína og sjón, svo að í verkum hans sér maður Ísland eins og maður ann því heitast, og í Eyjólfi Eyfells kynnist maður ljúflingnum, mildinni, gleðinni, hógværðinni - öllu því besta, sem maður óskar að kynnast í fari náungans.

Ég veit ekki hvað mikið Eyjólfur leggur upp úr umsögn annarra um verk sín. Hann þekkir þau sjálfur, ann þeim eins og móðir barni sínu og þarft ekki á því að halda að aðrir segi honum til vegar. Eyjólfur hefur sjálfur sagt mér hvenær hann fékk bestan dóm á listaverk sín. Þetta hefur verið snemma á listaferli Eyjólfs. Gamall bóndi kom til Eyjólfs þar sem hann var að leggja síðustu hönd á eitt verka sinna, horfði lengi þegjandi á, en segir svo: "Enginn veit hvað undir annars stakki býr, og svo má segja um þig, Eyjólfur minn". Þetta gæti hafa verið fyrsta rödd þjóðarinnar, í senn, ákall, og viðurkenning. Ákall, sem Eyjólfur ekki gleymdi. Þarna mættust tvö barnshjörtu, sem skildu hvort annað. Og sannarlega hefur íslenzka þjóðin, tekið þessu sunnlenzka barni opnum örmum. Á þúsundum heimila um allt land eru myndir Eyjólfs augnayndi. Myndir, með þennan sérkennilega milda bláma, góðveðursský, eða gulnaða liti septembermánaðar. Svipmót sem hvert íslenzkt hjarta ann og horfir á, í senn með fögnuði og með tárvota kinn. —

Ég gleðst yfir því, að Listasafn Árnessýslu skuli hafa boðið heim þessu listfenga barni hins sunnlenzka fjallahrings. Hjartanlega bið hamingju, lifðu heill,

Eyjólfur J. Eyfells.